

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2021 í máli nr. 63/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 5. júlí 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili afhendi sér tvo harða diska, sem varnaraðili tók að sér að lagfæra, án þess að verða gert að greiða umkrafid verð fyrir þjónustuna.

II

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi haft samband við varnaraðila og óskað eftir þjónustu sem fólst í viðgerð á tveimur hörðum diskum. Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir upplýsingum um verð fyrir viðgerðina og til hafi staðið að gera samning um þjónustuna. Þá hafi varnaraðili tilkynnt sóknaraðila að hann hafi þá þegar gert við annan af hörðu diskunum og krafist greiðslu. Sóknaraðili telur sér ekki skylt að greiða fyrir viðgerðina þar sem hann hafi ekki veitt samþykki fyrir henni. Krefst hann þess að varnaraðila verði gert að afhenda sér hörðu diskana.

Í andsvörum sínum til kærunefndarinnar benti varnaraðili á að ágreiningurinn hefði þegar verið leystur fyrir dómstólum. Hafi verið kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 14. maí árið 2020 í máli nr. E-7990/2020 þar sem sóknaraðila hafi verið gert að greiða varnaraðila 133.206 krónur fyrir þjónustuna.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögín taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, þó ekki ágreinings sem er til meðferðar hjá dómstólum eða dómur hefur gengið um, sbr. 3. gr. laganna. Hlutverk kærunefndar vöru- og þjónustukaupa samkvæmt lögum nr. 81/2019 er að leysa deilur utan dómstóla. Ef mál er eða hefur þegar verið rekið fyrir dómi ber nefndinni, samkvæmt ummælum í frumvarpi við 3. gr. laganna, að vísa kvörtun frá efnislegri meðferð af þeirri ástæðu að ágreiningurinn fellur utan gildissviðs laganna. Samkvæmt c. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála ber kærunefnd vöru- og þjónustukaupa að vísa frá málum sem eru til meðferðar eða hafa hlotið meðferð hjá dómstólum. Markmið frávísunar í slíkum tilvikum er að koma í veg fyrir að fjallað sé um sama ágreining á fleiri en einum vettvangi. Fyrir liggur að dómur hefur verið kveðinn upp í ágreiningnum. Verður því að vísa málinu frá, sbr. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

III
Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson